

STARFSLEYFI

UST202006-116

Landeldi á laxfiskum

Benchmark Genetics Iceland hf.

Kalmanstjörn

Starfsstöð: Nesvegur 50, 233 Reykjanesbær

Lögheimili: Bæjarhraun 14, 220 Hafnarfjörður

Kt: 620391-1079

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir félagið Benchmark Genetics Iceland hf., kt. 620391-1079, fyrir landeldi á laxfiskum í eldisstöð félagsins að Kalmanstjörn við Nesveg 50, 223 Reykjanesbæ. Benchmark Genetics Iceland hf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Verði gerð breyting á nafni rekstraraðili ber honum að tilkynna eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar um slíka breytingu.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til eldis með allt að 600 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma að Nesvegi 50, við Kalmanstjörn í Reykjanesbæ.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá fiski, úrgangi, efnaafgöngum, húsnæði, tækjum, olíugeymum, lögnum, menguðum jarðvegi og rekstrarsvæði á viðurkenndan hátt. Í áætluninni skal ávallt gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilin eftir hráefni í starfsstöðinni eða á lóð hennar. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk á eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldis í stöðinni. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Breyttra forsenda, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot, sbr. gr. 3.5, á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 3.5 og 4.3, benda til þess eða Umhverfisstofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp að mati Umhverfisstofnunar getur hún einhliða endurskoðað eldisfyrirkomulagið.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd neyðar- og viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar.

Rekstraraðili er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýtis fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem hafa í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni sé þess óskað.

2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megji aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Eldisvatn

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisins sbr. gr. 3.1.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Um losun og frágang við útrás frárennslis gildir 7. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennsli. Viðunandi rennsli einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni. Umhverfisstofnun getur skilgreint nánar hvort rennslið sé viðunandi. Taka skal myndir tvisvar á ári við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Rekstraraðili skal sýna fram á og tryggja virkni hreinsibúnaðarins.

Rekstraraðili skal tryggja að losun fari ekki yfir viðmiðunarmörk í samræmi við gr. 3.4 í starfsleyfi. Mælist losun yfir mörkum skal gera ráðstafanir til að tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns áður en því er veitt í viðtakann. Sýni mælingar að styrkur efna fari yfir mörk í frárennslisvatni skal rekstraraðili gera Umhverfisstofnun viðvart og leggja fram úrbætur um bættu hreinsun. Umhverfisstofnun getur kallað eftir mælingum samkvæmt gr. 2.8 ef eftirlit gefur til kynna að hreinsun frárennslis sé ábótavant.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfisstofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur,
- frárennslisvatn verði vel hreinsað með frekari hætti,
- rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum gr. 1.7.

Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, sbr. gr. 3.4, má ekki vera:

- Set eða útfellingar,
- þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir),
- olía eða froða,
- sorp eða aðrir aðskotahlutir,
- efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin losar í viðtaka sem er vatnshlotið Þorlákshöfn að Höfnum nr. 104-1383-C. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. gr. 1.6, ef hætta er á að vistfræðilegt og eðlisefnafræðilegt ástand vatnshlotsins fari hrakandi vegna rekstrarins, sbr. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

3.7 Frárennslisli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennslisli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennslisli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

3.9 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Endurnýta skal dauðfisk eins og kostur er. Skriflegur samningur skal liggja fyrir við þann aðila sem tekur við dauðum fiski til meðhöndlunar og skal sá aðili hafa til þess öll tilskilin leyfi. Um meðhöndlun fiskisins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífbrjótanlegan úrgang og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingu lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennslis) og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð og skilað til eftirlitsaðila til samþykktar. Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs.

Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru ekki fyrir hendi skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum, mengandi efnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. gr. 2.5 og 2.6.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Lífmassaaukningu, framleiðslu og afföll ársins,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram, sbr. gr. 2.3.,

- magn næringarefna í frárennsli við mestu og minnstu fóðrun (losunarmælingar) sbr. gr. 4.3,
- niðurstöður mælinga, sbr. gr 4.3,
- tæmingu olíugildra séu þær til staðar,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði.

4.2 Búnaður til sýnatöku og framkvæmd

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður en því er veitt í viðtaka. Eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

4.3 Sýnataka úr frárennsli og losun næringarefna

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) a.m.k. tvisvar á ári en fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.8.

Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Fjöldi mælinga er hægt að endurskoða sbr. gr. 2.8. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila árlega sbr. gr. 4.4. Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Meta skal virkni hreinsibúnaðar í frárennsli við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5, og ákvarðanir teknar um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun. Skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfispætti í nágrenni útrásar frárennslis í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir.

Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Vöktunaráætlun skal vera tilbúin fyrir útgáfu leyfis.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni eldisstöðvar samkvæmt starfsleyfi þessu eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 24. nóvember 2038.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, [24.11.2022]

Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir

forstjóri

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að mæla efnainnihald eldisvatns í frárennsli a.m.k. tvisvar á ári.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna útgáfu á starfsleyfi Benchmark Genetics Iceland hf. að Kalmanstjörn

1. Almennt

Benchmark Genetics Iceland hf. (áður Stofnfiskur hf.) að Kalmanstjörn í Reykjanesbæ sótti um nýtt starfsleyfi þann 8. júní 2020. Rekstraraðili hefur verið með heimild til framleiðslu á allt að 200 tonnum af laxi á ári í stöðinni. Sótt var um leyfi til að ala áfram lax í stöðinni með 600 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Rekstraraðili var með starfsleyfi sem gildi til 26. apríl 2021. Þann 23. júní 2021 tók Umhverfisstofnun ákvörðun um að framlengja starfsleyfið til 26. apríl 2022, skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Þar sem málsmeðferð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum var ekki lokið þann 26. apríl 2022 þá veitti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið þann 9. júní sl. undanþágu frá starfsleyfi, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Undanþágan var veitt til að starfsemin gæti haldið áfram þar til að nýtt starfsleyfi væri gefið út en þó eigi lengur en til 31. desember 2022.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, til eldis með hámarkslífmassa á hverjum tíma allt að 600 tonnum, á tímabilinu 17. október 2022 til og með 14. nóvember 2022. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 17. október sl. ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, sveitarfélagsins, heilbrigðiseftirlits (b.t. heilbrigðisnefndar) og á aðra hagsmunaaðila sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun um samræmingu vegna tillagna starfsleyfis og rekstrarleyfis. Tillögur að báðum leyfum voru auglýstar á vefsíðum stofnananna.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 10. júní 2022. Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal leyfisveitandi, við ákvörðun um leyfi til framkvæmdar skv. 1. mgr. sömu gr., kynna sér umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og leggja álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat hennar til grundvallar. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, álit Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og hvort gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögur að matsáætlun og umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila og veitt umsagnir til Skipulagsstofnunar vegna þeirra í matsferlinu. Skipulagsstofnun fjallar í álitu sínu um málsmeðferð umhverfismatsins og telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að bæta við þá umfjöllun en leggur áherslu á eftirfarandi atriði.

2.1 Áhrif á jarðmyndun og landslag

Í umhverfismati kom fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á sandorpnu nútímahrauni sem kennt er við Sandfellshæð og að raska þurfi um 0,55 ha vegna nýrra bygginga. Að mati rekstraraðila er verndargildi hraunsins lítið þar sem stórum hluta svæðisins hefur verið raskað með mannvirkjagerð. Í umfjöllun Skipulagsstofnunar kemur fram að þrátt fyrir að verndargildi hraunsins sé metið lítið sé engu að síður brýnt að koma í veg fyrir allt óþarfa rask á jarðmyndunum og vanda frágang og huga að því að raskað land verði mótað að umhverfi sínu í verklok. Umhverfisstofnun tekur undir þessi sjónarmið og telur að verndargildi hraunsins sé lítið. Stofnunin tekur undir mikilvægi góðs frágangs og að forðast verði óþarfa rask á jarðmyndunum og bendir á að skylt er að

afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér rask á nútímahrauni, sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

2.2 Áhrif á grunnvatn

Gert var vatnafarslíkan til að greina áhrif vatnsvinnslunnar vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar í umhverfismati. Helstu niðurstöður reiknilíkansins eru að aðrennslissvæði grunnvatns breytist tiltölulega lítið við fyrirhugaða vinnslu samanborið við núverandi vinnslu. Í þurrkatíð megi þó ætla að vatnsvinnsla geti leitt til niðurdráttar grunnvatnsborðs við Hafnir án þess þó að valda seltubreytingum í vatnsbóli Hafna. Umhverfisstofnun bendir á að skv. gr. 3.3 í starfsleyfi skal nýting á vatni vera eins góð og kostur er.

Skipulagsstofnun telur áhrif á grunnvatn vera veigamesta umhverfisþátt framkvæmdarinnar. Stofnunin telur afar brýnt að áður en vatnsvinnsla verði aukin úr 800 L/s í 1.500 L/s verði reiknilíkan sannreynt með fyllri mælingum á grunnástandi. Umhverfisstofnun tekur undir það og bendir á að Orkustofnun veitir leyfi fyrir vatnstökunni skv. lögum 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Orkustofnun hefur heimild til að binda leyfið skilyrðum sem stofnunin telur nauðsynleg.

2.3 Áhrif á lífríki fjöru og strandsjó

Í umhverfismati voru skoðaðir tveir valkostir varðandi fyrirkomulag fráveitu, annars vegar núverandi fyrirkomulag sem veitir frárennslinu óhreinsuðu í fjöruna og hins vegar að koma upp hreinsibúnaði. Athuganir hafa sýnt að hryggleysingar í fjörunni við Kalmanstjörn eru viðkvæmir fyrir lífrænni mengun. Einnig hefur greinst slika og froða á fjöruborðinu við útrásina.

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að talið er að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki fjöru og strandsjó verði óverulegu neikvæð í ljósi þess að rekstraraðili hafi tekið þá ákvörðun að koma upp hreinsibúnaði í samræmi við valkost B í umhverfismati. Umhverfisstofnun tekur undir það og bendir á að skv. grein 5.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili leggja fram vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir. Í vöktunaráætlun er gerð krafa um að á fimm ára fresti verði gerðar mælingar á skúfþangi og tegundasamsetningu og fjölda lífvera í fjöru í samræmi við það sem fram kemur í áliti Skipulagsstofnunar. Samt sem áður bendir stofnunin á að ganga þarf vel frá útrás fráveitu.

2.4 Áhrif á fugla

Í umhverfismati kom fram að með aukinni framleiðslu berist aukin næringarefni í fjöruna sem valda munu auknu fæðuframboði fyrir fugla og því megi gera ráð fyrir að fuglum sem sæki svæðið fjölgi, bæði tegundum og einstaklingum. Að mati rekstraraðila eru áhrif á fugla talin óveruleg eða nokkuð jákvæð.

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að það geti ekki talist til jákvæðra áhrifa að fuglar séu fóðraðir með úrgangi fráveitu iðnfyrirtækis. Umhverfisstofnun tekur undir það. Rekstraraðili hefur ákveðið að velja valkost B og setja upp hreinsibúnað sem mun draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á fugla. Í gr. 3.5 er gerð krafa um hreinsun með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Umhverfisstofnun bendir á að vöktunaráætlun gerir ráð fyrir mælingum á tegundasamsetningu og fjölda lífvera í fjöru.

2.5 Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar mun aukning eldisins ekki hafa verulega neikvæð áhrif umfram það sem þegar er komið fram með því eldi sem starfrækt hefur verið á svæðinu. Með því að bæta við hreinsibúnaði verða áhrif aukningar næringarefna óveruleg. Stofnunin metur það þannig að með þeim ákvæðum og kröfum í starfsleyfi varðandi hreinsibúnað sé dregið verulega úr áhrifum aukinnar framleiðslu eldisins á umhverfið en einnig er hægt að endurskoða fyrirkomulag þess verði vart við neikvæð umhverfisáhrif.

3. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Ein athugasemd barst vegna tillögunnar á auglýsingatíma frá rekstraraðila.

- Gerð er athugasemd við kröfu um hreinsibúnað í gr. 3.5 í starfsleyfinu en skv. rekstraraðila var í umhverfismati og svörum hans við umsögnum gert ráð fyrir að setja upp búnað þegar stækkun ætti sér stað eða endurnýjun kerja. Á meðan engin breyting er á starfseminni og stöðin er innan losunarmarka myndi rekstraraðili vilja kjósa núverandi fyrirkomulag.
- Umhverfisstofnun bendir á að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum byggir á þeim svörum rekstraraðila að komið verði upp hreinsibúnaði. Starfsleyfið er gefið út til 16 ára og veitir heimild til eldis á allt að 600 tonna lífmassa um leið og það tekur gildi þrátt fyrir að ætlunin sé ekki að fara upp í það umfang strax. Því er gerð krafa um hreinsibúnað í starfsleyfinu.

4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Bætt hefur verið einni málsgrein við grein 4.3 um að fylgjast skuli árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum á fóðurnotkun. Viðbótin er til að skerpa á ákvæði greinarinnar. Ekki hafa verið gerðar aðrar breytingar á leyfinu frá auglýstri tillögu en vegna orðalags eða stafsetningar auk leiðréttinga á tilvísunum í ákvæði starfsleyfisins.

5. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Unnið var að samræmingu starfsleyfis og rekstrarleyfis hjá stofnununum.

Orkustofnun veitir leyfi fyrir grunnvatnsvinnslu.

6. Gildistaka

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila með allt að 600 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4. gr. b laga nr. 71/2008, um fiskeldi, sem afhendir það og birtir rekstraraðila.